

FRÉTTIR

IceAid og Actavis styrkja lyfjaframleiðslu í Afríku

Eftir Guðna Einarsson
 gudni@mbl.is

ICEAID og Actavis Group undirbúa nú aðstoð við afrískt lyfjafyrirtæki í Tansaníu. Aætlunin er að gera fyrirtækinu kleift að framleiða ódýr lyf við útbreiddum sjúkdómum á borð við berkla, alnæmi, niðurgang og malaríu. Tæki til lyfjaframleiðslu verða send frá verksmiðju Actavis í Serbíu til Arusha í Tansaníu fyrirpart sumars.

Glúmur Baldvinsson, stofnandi IceAid, íslenskra þróunar- og mannúðarsamtaka, sagði að lyfjafyrirtæki þetta hafi verið stofnað af þarlandum stjórnvöldum 1980 en verksmiðjan sé öllu eldri og mörg tæki frá 6. áratug 20. aldar. Reksturinn gekk illa og var fyrirtækið einkavætt 1997. Héldu stjórnvöld 40% eignarhlut en einkaaðilar eignuðust 60%. „Síðan hafa þeir reynt að nútímavæða verksmiðjuna og koma henni í það stand að þeir geti verið sjálfbærir um framleiðslu lyfja sem skortir í landinu og nágrannaríkjum.“

Sendinefnd frá Tansaníu

Í fyrra kom sendinefnd frá Tansaníu hingað til lands að kynna sér viðskipalíf og óska eftir þróunaraðstoð. Meðal nefnd-



Stofnandinn Glúmur Baldvinsson við hjálparstörf í Tansaníu.

armanna var borgarstjórinn í Dar-es-Salaam, sem er einn eigenda lyfjaverksmiðjunnar. Þá leit- uðu þeir aðstoðar Actavis Group á sviði þekkingar, lyfjaframleiðslu o.fl. Í framhaldinu var leitað til Iceaid varðandi umsjón og framkvæmd verkefnisins. Glúmur var



Ljósmynd/Glúmur Baldvinsson

Gegn sjúkdómum Lyfjaverksmiðjan í Arusha sem IceAid og Actavis ætla að styrkja til að framleiða ódýr lyf.

þá einmitt á leið til Tansaníu til starfa við matvælaáætlun Samein- uðu þjóðanna og notaði hann tækifærið til að skoða og koma á tengslum við lyfjaverksmiðjuna, sem stendur við rætur hæsta fjalls Afríku, Kilimanjaro.

„Eftir að ég kom heim skrifaði ég skýrslu og síðan höfum við verið að skoða málið þangað til í síðustu viku að ákveðið var að ráðast í þetta,“ sagði Glúmur. „Actavis mun leggja til vélbúnað til framleiðslu á lyfjum og ákveðið fjármagn. Það þarf bæði að hjálpa þeim við uppsetningu vélanna og að hjálfa þá í notkun þeirra. Eins hafa þeir óskað eftir ráðgjöf varðandi hjálfun starfsfólks og ráðgjöf varðandi ýmsar endurbætur á verksmiðjunni.“ Actavis mun gefa þrjár vélar og hleypur verðmæti þeirra a.m.k. á tugum milljóna, að mati Glúms. Kvaðst hann afar

þakklátur Actavis fyrir að gera þetta verðuga verkefni mögulegt.

Framleiði ódýr lyf

Aðstoðin verður bundin því skil- yrði að lyfin verði ódýr og að þau fari til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Glúmur sagði að verk- efnið þyrfti meiri stuðning til að hægt yrði að fylgjast með því að þessum markmiðum yrði náð. „Við sjáum fyrir okkur að þáttur í því verði að gefa heilsugæslu- stöðvum og sjúkrahúsum lyf sem þau síðan dreifi,“ sagði Glúmur.

Hvað varðar sérfræðiaðstoð sagði Glúmur koma til greina að fá langt komna nemendur í lyfja- fræði og verkfræði til að veita að- stoð, hefur hann m.a. rætt við Innovit, nýstofnað nýsköpunar- og frumkvöðlasetur við Háskóla Ís- lands, í því sambandi. Eins sagði hann koma til greina að fá sér-

fræðinga, sem komnir væru á eftir- laun, til liðs við verkefnið. Glúmur kvaðst hafa leitað til nokkurra íslenskra skipafélaga um að bjóða flutning á vélbúnaðinum án endurgjalds eða á góð- um kjörum til Afríku. „Það yrði afar mikilvægt framlag því þar með væri meira fé til hjálfunar starfsmanna og eftirfylgni,“ sagði Glúmur. Hann lagði áherslu á að þörf væri á liðveislum en fleiri til að til að tryggja að markmiðið næðist, þ.e. að útvega þeim sem þjást af alnæmi, malaríu, berklum og öðrum meðhöndlanlegum sjúkdómum ódýr lyf.

Þetta er annað verkefnið sem IceAid tekur að sér. Hið fyrra var í Líberíu þegar IceAid endur- byggði munadarleysingjaheimili frá grunni með aðstoð írsku frið- argæslusveitanna og veitti fé til byggingar skóla og tölvuseturs.